

Fundur svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulshjóns Ásbyrgi 26. sept. 2010.

Mættir: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson frá umhverfisverndarsamtökum, Ingvar Þóroddsson frá Samtökum Útivistarféлага, Böðvar Pétursson frá Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirsdóttir frá Þingeyjarsveit, Soffía Helgadóttir Norðurþingi, Stefán frá Ferðamálasamtökum Norðausturlands og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Kosning varaformanns svæðisráðs.
2. Yfirlit sumarsins frá Hjörleifi.
3. Vegur yfir Lindá.
4. Önnur mál.
5. Skoðunarferð um gljúfrin.

Fundur settur 12.15 og Soffía boðin velkomin.

1. Varaformaður: skal skv. lögum vera úr röðum sveitartjórnarmanna. Kosin var Friðrika Sigurgeirsdóttir, samhljóða.

2. Yfirlit Sumarsins:

Almennt gekk starfið á Norðursvæði vel yfir ferðamannatímam, engar stórvægilgar upptakomur, þó ætíð sé nóg að gera. Starf hálendisfulltrúa á hálendinu skilar miklu. Þjóðgarðsvörður vildi þó minnst á að samskipti við tvo aðila:

a) Við Vegagerðina vegna vegabóta milli Vesturdals og Dettifoss, en þar lokaði vegagerðin veginum í 10 daga á ferðamannatímanum. Með betri undirbúningi Vegagerðarinnar og betra samráði við Þjóðgarsvörð hefði verið hægt að tryggja sama framgang verkefnisins án lokunar. Að öðru leyti var gott samráð um sjálfa framkvæmdina. b) Við Sjónarhæðarsöfnuðinn vegna óþarfa hljóðmengunar frá sumarþúðunum við Ástjörn.

3. Vegur yfir Lindá:

Ferðaþjónustuaðilar eru uggandi vegna ófærðar við Herðubreiðarlindir, vegna vatnavaxta í Jökulsá. Ennfremur heyrst að þeir telji að Verndaráætlun geri ekki ráð fyrir veginum F88 verði ekki viðhaldið og lokist. Svæðisráðsfólk taldi þetta misskilning og að vel rúmist innan verndaráætlunar aðgerðir sem haldið geti veginum opnum:

Svæðisráð leggur til að F88 verði varinn við Herðubreiðarlindar með því að Jökulsá verði hamin í farvegi sínum.

4. Önnur mál

Húsnæðismál heilsársstarfsmanna. Haustið 2008 var nokkur óvissa með húsnæðismál heilsársstarfsmanna í Jökulsárgljúfrum. Nú þegar hálendisfulltrúi hefur verið ráðinn á starfstöð í Mývatnssveit er sama óvissa uppi. Lítið sem ekkert reglulegt framboð er af húsnæði í sveitinni og starfsmanni bjóðast aðeins leigusamningar til skamms tíma. Slík óvissa er slæm fyrir viðkomandi starfsmann og fyrir þjóðgarðinn. Svæðisráð beinir því til stjórnar að: *Þjóðgarðurinn ábyrgist húsnæði fyrir starfsmenn á Norðursvæði með viðeigandi aðgerðum (kaupum eða langtímaleigu).*

-Ársfundur. Þar sem formlegu samráði við hagsmunaaðila og almenning vegna verndaráætlunar er lokið í bili, er þörf á vettvangi þar sem þessir aðilar geta fræðst um starf garðsins og komið athugasemdum og ábendingum á framfæri, s.s. umræðuvettvangi um Þjóðgarðinn. Samþykkt að halda hann í febrúar og þar skuli m.a. lögð fram ársskýrsla Þjóðgarðsvarðar.

-Kynningar og fræðslumál voru rædd almennt í framhaldi þar sem m.a. kom fram að Þjóðgarðurinn mætti standa sig betur í leiðréttingum á rangfærslum tengdum verndaráætlun.

5. Vettvangsferð um Jökulsárgljúfur

Farið var að Langavatnshöfða, niður í Vesturdal og gengið að Hljóðaklettum.

Þjóðgarðsvörður lýsti fyrirhuguðum vegastæðum og bílastæðum á Dettifossvegi og hver væri stefnan með stjórnun ferðamannastraums sem að öllum líkindum mun aukast gífurlega þegar nýr vegur verður að fullu kominn í gagnið. Samskonar stopp var svo gert í Hólmatungum og svo að Dettifossi. Við Dettifoss voru drög að deiliskipulagi rædd. Einnig orkumál á fyrirhuguðu Þjónustusvæði og komu fram ákveðnar skoðanir á að slík orkuöflun skyldi verða með umhverfisvænum hætti.

Fundi slitið 17.30